
REGLUGERÐ FYRIR TÆKNINEFND KLÍ

1. grein

KLÍ skal skipa minnst þriggja manna tækninefnd fyrir hvert keppnistímabil. Formann nefndarinnar skal skipa sérstaklega.

2. grein

Störf nefndarinnar eru m.a.:

- að fjalla um kærur og kvartanir vegna aðstæðna á keppnisstað. Kærur og kvartanir skulu berast skriflega, sem afrit af dómaraskýrslu eða í undirrituðu bréfi.
- að hafa eftirlit með aðstæðum í keilusölunum, m.a. athuga brautir fyrir stærstu mót og fylgjast með ástandi keila í keilusölunum
- að vera KLÍ ráðgefandi varðandi tækniatriði keilufélaganna
- að mæla olíuburð í hverjum sal minnst ársfjórðungslega og einnig fyrir allar breytingar á olíuburðum yfir keppnistímabilið.

3. grein

Reglur FIQ/WTBA um aðstæður á keppnisstað, kúlur og hjálpartæki leikmanna gilda í keilumótum innan vébanda KLÍ. KLÍ getur þó veitt undanþágu vegna aðstæðna á keppnisstað ef sérstaklega stendur á og skal tækninefndin vera ráðgefandi um hvort svo sé.

4. grein

Tækninefnd kemur með tillögur um hvaða olíuburðir eru í hverju móti fyrir sig sem haldið er af KLÍ. Íslandsmót einstaklinga með og án forgjafar verði með olíuburði undir 4 í Kegel erfiðleikastuðli.

5. grein

Tækninefnd getur hvenær sem er komið og mælt út olíu á brautum og gert viðeigandi ráðstafanir til að leiðrétta olíuburð ef þess þarf með.

6. grein

Ef keppnisaðstæður eru ekki í samræmi við reglur eða tilmæli KLÍ, getur tækninefndin veitt hæfilegan frest til úrbóta eða lagfæringa. Ef ekki er hægt að mæta þeim athugasemdum sem gerðar eru af tækninefnd þá skal KLÍ taka ákvörðun um það hvort verði spilað áfram í viðkomandi húsi eða ekki.

7. grein

Tækninefnd skal halda fundargerðir og skrá þar ákvarðanir sínar.

*Breytt á formannafundi 28. apríl 2011
Breytt á formannafundi 12. maí 2014*